

EFTIRLITSSKÝRSLA

OLÍUBIRGÐASTÖÐ OLÍUDREIFINGAR Í ÖRFIRISEY

Dagsetning	3. október 2011	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf.	Starfsleyfi, gildir til	31. janúar 2024
Heimilisfang	Gelgjutanga við Kleppsmýrarveg	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660695-2069	Fulltrúi fyrirtækis	Helgi Árnason
Isat nr.	63.40	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N64 09,617 V21 56,472
Starfsemi	Önnur flutningamiðlun		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram tvö frávik frá kröfum í starfsleyfi. Brugðist hefur verið við og lagfæringar gerðar þannig að ekki verður um frekari eftirfylgni að ræða út af þeim. Ein önnur athugasemd var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar í Örfirisey, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Olíudreifing hefur í notkun skráningarblað (svokallað mánaðarblað) sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.

Í skýrslu fulltrúa Aker Solutions á gufueðurnýtingarbúnaði stöðvarinnar (2011) kemur fram að lofttæmidæla þurfi viðhald (overhaul) og skipta þurfi um varahluti í HC og CO skynjurum. Fulltrúi ODR sagði að varahlutir í skynjarana yrðu komnir í búnaðinn fyrir áramót.

Skoðaðir voru geymar í stöðinni, en fram kom að félagið hyggst færa tvo geyma, nr. T0024 og Bio-Diesel geyminn til í stöðinni til þess að auka bil á milli geyma. Við eftirlit átti eftir að merkja og botnþykktarmæla Bio-Diesel geyminn eins og reglugerð nr. 35/1994 gerir kröfur um. Nú hafa borist upplýsingar um að geymirinn sé merktur á fullnægjandi hátt og því ekki lengur gerð athugasemd við það. Einnig hafa botnþykktarmælingar á Bio-Diesel geyminum borist stofnuninni.

Allar afgreiðslu- og löndunarlagnir sem ná út fyrir mengunarvarnaþrær stöðvarinnar voru þrýstiprófaðar árið 2008. Allar olíuskiljur sem eru á lögnum sem ganga út úr stöðinni hafa verið prófaðar. Tekin voru sýni í fráveitu olíuskiljanna og mældust olíuleifar í sýnunum allstaðar undir 15 mg/kg (ppm).

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró), olíuskiljur og áfyllingarplön. Girðingar og hlið voru í góðu lagi.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik : Merkingar og botnþykktarmæling á olúgeymi

Brugðist hefur verið við ábendingum og frávik leiðrétt. Engin frekari eftirfylgni.

Athugasemd 1: Gufuendurnýtingarbúnaður fyrir bensín

Gufuendurnýtingarbúnaður stöðvarinnar er flókinn og viðkvæmur búnaður. Til þess að ákvæði reglugerðar um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda, við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, nr. 252/1999, er nauðsynlegt að hafa gott eftirlit og að viðhalda búnaðinum samkvæmt kröfum framleiðanda.

Önnur mál: Mengunaróhapp á Eyjagarði II

Yfirfylling varð 13. febrúar sl. er Eldborgin var við olíutöku á Eyjargarði II. Atvikið skrifast á áhöfn skipsins, en allt að 2000 lítrar af svartolíu fóru í sjóinn. Starfsmaður ODR var við afgreiðslu á svartolíu á togarann Eldborgina þegar olía fór að gusast út úr öndun geymisins. Starfsmenn ODR, SHS og Faxaflóahafna brugðust snarlega við og tókst að króa megnið af olíunni af á milli skips og bryggju. Frávikaskýrsla ODR hefur borist stofnuninni og engir eftirmálar eru af þessu óhappi.

Reykjavík, 25/11/2011

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.